

Lundur
25. Nóvember 2024

Opinn íbúafundur hverfisráðs Öxarfjarðar og hverfisráðs Kelduhverfis

Mætt á fundinn:

Hverfisráð Öxarfjarðar: Ann-Charlotte Fernholm, Brynjar Þór Vigfússon, Stefán Haukur Grímsson og Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir

Hverfisráð Kelduhverfis: Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Salbjörg Matthíasdóttir

Norðurþing: Katrín Sigurjónsdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Áki Hauksson, Hafrún Olgeirsdóttir, Elvar Árni Lund, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Aldey Unnar Traustadóttir, Jón Höskulds, Bergþór Bjarnason, Hjálmar Bogi Hafliðason, Soffía Gísladóttir og Einar Ingi Einarsson

Utan þess mættu 22 íbúar úr sveitarfélaginu

Fundarstjóri var Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Fundur settur kl. 20:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

- Sundlaugin í Lundi
- Skipulag skólalóðar í Lundi
- Önnur mál

1. Sundlaugin í Lundi

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, fundarstjóri, setti fundinn og Elvar Árni hóf umræðuna og sagði frá stöðu mála.

Síðasta vor var ákveðið að fá verkfræðistofuna COWI til að útbúa kostnaðaráætlun fyrir hönnun á nýrri sundlaug óháð staðsetningu. Verkfræðistofan skilaði af sér tölum upp á 75 milljónir þar sem innifalið væri sundlaugarkar, 12 manna heitur pottur, búnaður og lítið hús utan um. Hugmyndin væri að nota forsteyptar einingar í laugina og bent á Skógarböðin á

Lundur
25. Nóvember 2024

Akureyri til samanburðar. Mörgum á fundinum fannst þetta mjög lágar tölur og fannst líklegra að þetta yrði töluvert hærra.

Í kjölfarið var rætt um stærðina á sundlaugarkarinu en miðað er við að ný laug verði 12,5 metrar að lengd sem er svipuð stærð og núverandi laug.

Ábendingar komu úr sal þar sem óskað var eftir að hafa laugina lengri þar sem þetta sé alltof stutt þegar kemur að því að synda. Miða ætti við lengdir sundlauga á Húsavík og Raufarhöfn sem eru nokkrum metrum lengri.

Soffía Gísladóttir, formaður skipulags- og framkvæmdaráðs, tók þá stuttlega til máls og benti á að í drögum fjárhagsáætlunar sé áætlaður hönnunar- og framkvæmdakostnaður upp á 75 milljónir ásamt 50 milljónum til viðbótar.

Hún nefndi þær hugmyndir að framkvæmdum gæti verið lokið 2027. Þá færi hönnunarferlið fram árið 2025 og framkvæmdir árin 2026 og 2027.

Miklar umræður spunnust um staðsetningu laugarinnar en ekki ríkir almenn sátt um hvar ný laug eigi að vera.

Bent var á að vilji fjölskylduráðs væri að hafa laugina áfram í Lundi en ekki væri búið að ákveða það og samþykkja. Bent var á tvær ástæður fyrir því vali á staðsetningu. Annars vegar sparnaður í akstri en mikill kostnaður fylgir því að keyra börnin til Húsavíkur eða Raufarhafnar til að fara í sundkennslu. Hins vegar nálægð við skólann en minna rask verður á skólastarfi með því að hafa laugina þarna. Skólastjóri Öxarfjarðarskóla tók undir það og fannst rökrétt að vera með laug við skólann út af sundkennslu.

Í tengslum við þetta var rætt um sundkennslu, stöðuna og framtíðarhugsun. Formaður fjölskylduráðs svarar því til að ekki sé búið að ganga frá hvernig sundkennslu verði háttað næstu misseri en verið sé að vinna í því.

Einnig var rætt um möguleikann á því að ný laug væri byggð á Kópaskeri en ekki í Lundi. Bent var á ýmsa kosti sem því fylgir fyrir þéttbýliskjarna að hafa sundlaug.

Rætt var um stöðu núverandi laugar og var nokkur hiti í þeim umræðum. Spurt var úr sal hvort hægt væri að laga núverandi laug og nota á meðan verið væri að byggja nýja.

Fyrirverandi rekstraraðili laugarinnar tók til máls og vildi meina að grundvöllur væri fyrir því að reka núverandi laug án mikils tilkostnaðar meðan verið væri að byggja nýja laug.

Fulltrúar Norðurþings voru ekki sammála fyrrverandi rekstraraðila með þetta og bentu á að ekki væri forsvaranlegt að halda lauginni gangandi.

Spurt var úr sal hvort búið væri að bera kostnað við viðhald á núverandi laug saman við akstur á Húsavík. Kostnaðurinn við að keyra á Húsavík væru um 1800 þúsund fyrir 2 vikna sundnámskeið. Bent var á að um væri að ræða 4 vikur á skólaárinu sem börnin væru í sundkennslu (20 tímar). Því yrði að tvöfalda þá tölu. Ekki var vitað um kostnað á viðhaldi núverandi laugar til samanburðar.

Þrátt fyrir að ekki ríki almenn sátt um staðsetningu laugar, skólasund og stöðu núverandi laugar er þó almenn ánægja með að þetta mál sé komið á áætlun.

2. Skipulag skólalóðar í Lundi

Elvar Árni sagði frá stöðu mála.

Landslagsarkitektar voru fengnir til að koma með hugmyndir um hönnun á lóðinni og komu frumdrög frá þeim fyrir helgina. Ekki var búið að fara ofan í saumana á þeim teikningum þar sem of stutt er liðið frá því að þær bárust. Þessum frumdrögum var svo varpað upp á skjá og farið yfir hugmyndirnar. Jafnframt voru teikningarnar á pappírformi í boði fyrir fólk að skoða.

Mikið var rætt um öryggismál og að þau ættu að vera efst á lista í hönnuninni. Rætt var um áhyggjur af því að leiksvæðið skuli vera við hliðina á bílastæðinu og að nauðsynlegt sé að færa það. Einnig var farið yfir hringakstur fyrir skólabíl, bílastæði starfsmanna, aðkomu neyðaraðila, aðgengismál í kjallara, stærð á sparkvelli, skammtímastæði, grisjun á gróðri ásamt fleiru. Umræður spunnust svo um staðsetningar á ýmsum þessara þátta. Sérstaklega var rætt um bílastæði og leiksvæði og ítrekað að þetta tvennt þurfi að aðskilja. Einnig var bent á ákveðna lagfæringu sem þyrfti að fara í sem fyrst en það er blint horn við endann á runnunum áður en komið er að bílastæðunum. Þar sé mikil hættu, sérstaklega þegar verið er að fara með leikskólabörn.

Stuttlega var rætt um framkvæmdir á næstunni og benti Elvar á að ýmislegt sé á viðhaldsáætlun, ss. jarðvegsvinna og að fjarlægja runna. Eins var nefnt að inni á áætlun sé að setja nýtt þak á skólann á næsta ári.

Í lokin var bent á að frumteikningar sem þessar séu fyrst og fremst vinnuskjöl og almennt ekki sýndar á vettvangi sem þessum. Það hafi þó verið ákveðið að gera þar sem það þótti upplýsandi og jafnframt væri mikilvægt að fá sjónarmið íbúa inn í þessa umræðu. Lýstu fundargestir yfir ánægju með þá ákvörðun.

3. Önnur mál

Í lokin fór Brynjar, formaður Íþróttafélagsins Þingeyings, yfir íþróttastarf í sveitinni. Ræddi hann um það mikla verk, og kostnað, við að koma á íþróttastarfi á þessu svæði sem ekki hefur forsögu um slíkt í langan tíma. Svona starf sé ekki sjálfgefið og aðallega rekið áfram af kraftmiklum sjálfboðaliðum. Nefndi hann að ánægja sé með það hversu vel Norðurþing hafi tekið í starfið og það hjálpi til.

Katrín, sveitarstjóri, tók undir þessi orð og fagnaði þessu kraftmikla íþróttafélagi. Benti hún á mikilvægi þess fyrir börn að sækja íþróttastarf sem þetta. Hvatti hún jafnframt fólk í sveitunum að styðja við starfið með sjálfboðavinnu sem sé grundvöllur fyrir svona starfsemi. Var fundinum lokað með stóru hrósi á íþróttafélagið.

Fundi slitið 21:42

Undirritunarsíða

Brynjar Þór Vigfússon

Salbjörg Matthíasdóttir